

## Kosningar í landi hinna frjálsu

Hér er fróðleg grein eftir annan frambjóðanda til forsetakosninga í landi hinna frjálsu, Joe Biden. Lýðskrumið leikur honum á vörum. Það ekki óvenjulegt, þegar fólk býður sig fram til valdaembætta sjálfu sér til dýrðar, en með almannahagsmuni að yfirvarpi – jafnvel hagsmuni veraldarinnar gjörvallrar.

Það ber að hafa í huga við lestur greinarinnar, að Joe Biden hefur haft veruleg áhrif í stjórnámálum í landi sínu um áratugi, m.a. sem varaforseti Barrack Obama í átta ár.

Eins og gefur að skilja finnur Joe sitjandi forseta nánast allt til foráttu og virðist ætla að umvarpa því, sem hann hefur gert. En þegar upp er staðið er líklega um óverulegar áherslubreytingar að ræða. Joe ætlar eins og Donald að reisa BNA úr öskustónni, endurheimta forna frægð. Hlutverk BNA sem alþjóðalögreglu skal treysta, veita aðstoð þeim ríkjum, sem frelsið verja. Sú aðstoð hefur ósjaldan falið í sér borgarastyrjaldir með beinni eða óbeinni aðstoð BNA.

Á annan bóginn skal norður-ameríski örninn sýna skerptar klær Rússum, Kínverjum, Norður-Kóreumönnum, Íran og öðrum þeim, sem vilja það sama og BNA, völd og áhrif í veröldinni. Á hinn bóginn ætlar Joe að hressa upp á virðingu þjóðarinnar við hið alþjóðlega samningaborð, m.a. í því, er lýtur að loftlagsmálum. Það kann vonandi góðri lukku að stýra.

Joe vill líka styrkja sjálft fjöreggið, lýðræðið innan BNA. Það er ekki nánar útskýrt, svo líklega gefst þjóð hinna frjálsu eftir sem áður kostur á að kjósa tvo flokka og sinn hvorn frambjóðanda til forseta úr öðrum hvorum þeirra. Hann virðist sannfærður um, að þegar heimsins líti til BNA um lýðræðisfyrirmyndir. Gera þeir það? Stórmenskubrjálæði Joe virðist síst minna, en algengt er um forseta stórveldisins. Hann virðist líka trúá því fullum fetum, að forseti BNA sé öðrum leiðtogum fyrirmynd. Varla getur það verið í jákvæðum skilningi. Sumir þeirra virðast hreinlega kjánalegar strengjabrúður.

Kvenfrelsun er einn af hugmyndafræðilegum mátarstólpum frambjóðandans. Því skal enn frekar lyfta stúlkubörnum og konum til vegs og virðingar – væntanlega með Sameinuðu þjóðirnar sem lyftistöng. BNA hafa verið ein forystuþjóða hins vestræna heims, hvað kvenfrelsun varðar. Því kann það að virka spaugilegt, að Joe skuli ætla sér, að beita sér fyrir innsprautun í skóla- og menntakerfi. Það má færa rök að því, að það sé í molum einmitt vegna aðgerða hans sjálfs.

Ámóta spaugileg er áhersla Joe í fangelsismálum. Eins og kunnugt er, fangelsa BNA stóran hluta þegna sinna – einkum karlmenn – fyrir hinar ýmsu sakir. Joe segist vilja stöðva strauminn inn í fangelsin. En færa má rök fyrir, að sá straumur sé að einhverju leyti orðinn til vegna aðgerða hans og forseta af hans sauðahúsi.

Það verður spennandi að sjá veröldina undir handarjaðri Joe. Vonandi mun hún verða vonbetri og veirulaus.

[https://www.foreignaffairs.com/articles/united-states/2020-01-23/why-america-must-lead-again?utm\\_medium=promo\\_email&utm\\_source=special\\_send&utm\\_campaign=election\\_biden\\_foreign\\_policy\\_newsletter&utm\\_content=20201021&utm\\_term=newsletter-prerelease](https://www.foreignaffairs.com/articles/united-states/2020-01-23/why-america-must-lead-again?utm_medium=promo_email&utm_source=special_send&utm_campaign=election_biden_foreign_policy_newsletter&utm_content=20201021&utm_term=newsletter-prerelease)